

RITRÝNI FYRIR TÍMARIT LÖGFRÆÐINGA

Tímarit lögfræðinga er leiðandi innlent lögfræðitímarit sem þjónar staðbundnu vísindasamfélagi á sviði íslenskrar lögfræði. Þar eru birtar ritrýndar fræðilegar greinar sem uppfylla fyllstu kröfur um vísindaleg vinnubrögð og nýnæmi. Tímaritið er gefið út fjórum sinnum á ári. Hægt er að kaupa stök hefti eða áskrift að prentútgáfu tímaritsins á skrifstofu útgefanda, Lögfræðingafélags Íslands. Þá er hægt að kaup stök hefti frá 55. árg. 2005 í vefverslun félagsins og áskrift að rafrænni útgáfu þess. Einnig er hægt að kaupa áskrift í gegnum gagnagrunn Fons Juris. Loks eru eldri árgangar tímaritsins aðgengilegir á vefsíðunni Tímarit.is frá 1. árg. 1951 til 54. árg. 2004.

Tímaritið ber ISSN-númerið 0493-2714. Þá fá allar greinar sem birtast í tímaritinu sérstakt DOI-númer (frá og með 3. hefti 71. árg. 2021). Útgefandi er Lögfræðingafélag Íslands, félagasamtök lögfræðinga á Íslandi. Ritstjóri er Sindri M. Stephensen, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Framkvæmdastjóri er Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari. Afgreiðslu annast Margrét Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Lögfræðingafélags Íslands, Álftamýri 9, 108 Reykjavík, sími 568 0887, netfang: skrifstofa@logfraedingafelag.is. Tímaritið er sem stendur metið til 10 stiga í flokki A4.3 samkvæmt matskerfi opinberra háskóla.

Þakka þér fyrir að taka að þér að lesa yfir handrit sem borist hefur til birtingar í *Tímariti lögfræðinga*. Þú ert beðin(n) að fylla út eftirfarandi matsblað og skila því ásamt athugasemdum, eftir því sem við á, innan þriggja vikna eða samkvæmt samkomulagi við ritstjóra. Þú mátt gjarnan fylla það út rafrænt með eigin ritvinnslu.

Ritstjóri fer yfir athugasemdir yfirlesara og fellir þær að sínum áður en þær eru sendar höfundi handritsins. Nafn þitt kemur hvergi fram í því sambandi.

Við yfirlesturinn ber að gæta að verklags- og ritrýnireglum frá 1. apríl 2022 fyrir *Tímarit lögfræðinga*.

Heiti greinar: _____

Dagsetning yfirlestrar: _____

1. Sérfræðingur á fræðasviðinu hefur lesið greinina vandlega og

- A) telur hana hæfa til birtingar í tímaritinu, ef til vill með minni háttar breytingum og lagfæringum í samræmi við meðfylgjandi ábendingar (t.d. frágangur, málfarsleg atriði og önnur minniháttar atriði)
- B) telur hana hæfa til birtingar í tímaritinu ef á henni eru gerðar verulegar breytingar í samræmi við meðfylgjandi ábendingar (t.d. breytingar á uppbyggingu og innihaldi greinar)
- C) telur hana ekki hæfa til birtingar í tímaritinu

2. Í stuttu máli:

	Já	Nei	Á ekki við	Sjá aths.
1. Fellur efnið innan þess ramma sem ritinu er markaður? <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
2. Er eitthvað nýtt í greininni?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3. Er heiti greinarinnar lýsandi og í samræmi við efnið?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4. Er meginefni greinarinnar og efnistöðum lýst í inngangi?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
5. Eru niðurstöður og ályktanir höfundar í samræmi við gögn?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
6. Eru niðurstöður dregnar saman í lokaorðum?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
7. Er ritaskrá í samræmi við reglur tímaritsins?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
8. Er skipulag, framsetning og lengd við hæfi?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
9. Er málfar og frágangur í samræmi við kröfur tímaritsins?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

3. Hvað er frumlegt við greinina og hvert er framlag hennar til þekkingar á sviði lögfræði samkvæmt kröfum um inntak og gæði vísindarannsókna á háskólastigi?

4. Er greinin nákvæm og fræðileg umfjöllun skýr og í samræmi við viðurkenndar rannsóknaraðferðir á sviði lögfræði?

5. Hvert er fræðilegt gildi greinarinnar?

6. Hverjir eru helstu annmarkar greinarinnar?

7. Athugasemdir og ábendingar: